

## Reikningur

fyrir styrktarsjóð lyfsala E. Tvede frá mars 1911 til mars 1912.

### Tekjur.

Höfuðstóll styrktarsjóðsins í Söfnunarsjóði . . . . .	kr,	1011 96
Vextir 1911 . . . . .	—	46 04
	Samtals kr.	1058 00

### Gjöld:

Útborgað Hugborgu Bjarnadóttur . . . . .	kr.	44 88
Höfuðstóll . . . . .	—	1013 12
	Samtals kr.	1058 00

Reykjavík, mars 1912.

*P. O. Christensen.*

## Firmitilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verslanaskrár, firmu- og prókúruumboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verslanaskrár landsins.

### *I. Reykjavík.*

1. Í dag hefi eg undirritaður J. J. Setberg gengið úr firmanu »Eyvindur Árnason og Jón Setberg«, en eg meðundirritaður Eyvindur Árnason held atvinnunni áfram undir mínu nafni, en óbreyttu að öðru leyti, og með ótakmarkaðri ábyrgð fyrir mig.

Reykjavík, 25. janúar 1912.

J. J. Setberg. Eyv. Árnason.

2. Eg undirritaður Ólafur G. Eyjólfsson í Reykjavík, tilkynni hjermeð, að eg rek með ótakmarkaðri ábyrgð umboðsverslun (agentur) hjer í bænum frá 1. janúar þ. á, með firmanafninu Ó. G. Eyjólfsson & Co. Samfjlagi minn (Kom-

141 manditist) er P. M. M. Kreyns, verksmiðjueigandi í Rotterdam á Hollandi, og er tillag hans kr. 5000

Sjálfur rita eg firmað þannig:

Ó. G. Eyjólfsson & Co.

Reykjavík, 4. janúar 1912.

Ó. G. Eyjólfsson.

3. Hjermeð tilkynnist, að á aðalfundi 25. þ. m. í »H/F Fjelagsbókbandið« fór hr. Lúðvík Jakobsson úr stjórn fjelagsins, en í hans stað var kosinn hr. Björn Bogason, og ritar hann firmað ásamt hinum, að öðru leyti óbreytt.

Reykjavík, 29. mars 1912.

Hlutafjelagið »Fjelagsbókbandið« Reykjavík.

Ingvar Þorsteinsson. Björn Bogason.

Guðbjörn Guðbrandsson.

4. Við undirritaðir Th. Thorsteinsson & Pjetur J. Thorsteinsson, báðir til heimilis hjer í bænum, tilkynnum hjermeð, að við rekum með ótakmarkaðri ábyrgð fiskiveiðar með botnvörpungunum »Bragi« og »Baldur«, undir firmanafninu Trawlfjelagið Bræðurnir Thorsteinsson. Til þess að skuldbinda þetta firma okkar, þarf undirskrift okkar beggja, eða annars okkar og umboðsmanns hins, sem sýnir skriflegt umboð til þess.

Firmað ritum við þá þannig:

T/F Bræðurnir Thorsteinsson.

P. J. Thorsteinsson.

Th. Thorsteinsson.

Reykjavík, 1. apríl 1912.

P. J. Thorsteinsson.

Th. Thorsteinsson.

5. Það tilkynnist hjermeð til firmnaskrárinnar, að eg er hættur verslun undir nafninu »Dagsbrún«, og að rjettur minn til þessa verslunarnafns óskast hjermeð burtu feldur.

Reykjavík, 12. mars 1912.

Haraldur Árnason.

6. Hreggviður Þorsteinsson kaupmaður, til heimilis á Lindargötu 43, og Þorleifur Guðmundsson kaupmaður, Skólavörðustíg 35, báðir í Reykjavík, reka allskonar verslun undir firmanafninu »Dagsbrún, Þorl. Guðmundsson & Co.« í

Reykjavík, með útbúi á Eyrarbakka. Þeir bera báðir ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum firmans, og rita firmanafnið í sameiningu. **141**

Firmað ritum við þannig:

Dagsbrún, Þorl. Guðmundsson & Co.

Hreggviður Þorsteinsson.

Þorl. Guðmundsson.

Reykjavík, 31. mars 1912.

Hreggviður Þorsteinsson.

Þorl. Guðmundsson.

7. Hlutafjlagið »Kveldúlfur« í Reykjavík rekur atvinnugreinar, er standa í sambandi við fiskveiðaútgjörð, verslun, og hefir á hendi umboðssölu. Lög þess eru samþykkt á fjelagsfundi 23. mars 1912. Hlutafjeð er kr. 150000.00, helmingur í 1000 króna hlutum, og helmingur í 500 kr. hlutum, sem hljóða upp á nafn, og eru að fullu innborgaðir. Í stjórn fjelagsins eru Richard Jensen, Kjartan Jensen og Ólafur Jensen, allir í Reykjavík, og hefir Richard Jensen, sem er formaður fjelagsins, heimild til að rita firmað.

Til fjelagsfunda skal boðað í Lögbirtingablaðinu.

Reykjavík, 22. apríl 1912.

Richard Jensen. Kjartan Jensen. Ólafur Jensen.

8. Vjer undirritaðir Jónatan Þorsteinsson kaupmaður, Magnús Benjamínsson úrsmiður og Sigurður Jónsson járnsmiður, allir í Reykjavík, tilkynnum hjermeð, að vjer rekum verslun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu »J. Þorsteinsson & Co.«

Einhverjir tveir af oss rita firmað.

Reykjavík, 9. maí 1912.

Jónatan Þorsteinsson. Magnús Benjamínsson.

Sigurður Jónsson.

9. Orðabókarfjlagið h./f. er hlutafjlag; lög þess samþykkt 3. apríl 1912; það gefur út »orðabók íslenskrar tungu að fornu og nýju« eftir Jón Ólafsson; heimili þess er í Reykjavík; hlutafje þess er 2500 kr. í 100 hlutum,  $\frac{1}{4}$  innborgaður, og greiðist  $\frac{1}{4}$  3. hvern mánuð; hlutabryefin hljóða á nafn; stjórnin má auka hlutafjeð; auglýsingar til fjelagsmanna skal birta skriflega; gjaldkeri ritar einn undir kvittanir; annars ritar stjórnin öll firmað.

Stjórnendur eru:

Prófessor Eiríkur Briem, k. D., formaður,  
kaupmaður Benedikt S. Þórarinsson, r. D., gjaldkeri,  
rithöfundur Jón Ólafsson, skrifari.

Reykjavík, 11. maí 1912.

Eiríkur Briem. Ben. S. Þórarinsson.

Jón Ólafsson.

- 141 10. Kristín Arnadóttir rekur verslun í Reykjavík með firmanafninu »Verslunin Sif« með ótakmarkaðri ábyrgð. — Prókúru hefir Einar Markússon.

Kristín Arnadóttir ritar firmað þannig:

»Verslunin »Sif«

Kristín Arnadóttir.

Einar Markússon ritar firmað þannig:

p. p. »Verslunin Sif«

Einar Markússon.

## II. Hafnarfjarðarkaupstaður.

Hinn 2. janúar 1912 tilkynna þeir: Aug. Flygenring kaupmaður, Davíð Kristjánsson trjesmiður, Guðmundur Helgason gjaldkeri, Guðjón Jónsson trjesmiður, Guðmundur Einarsson trjesmiður, Ingibergur Þorkelsson trjesmiður, Jón Þórðarson bókarí, Kristinn Vigfússon verkstjóri, Sigfús Bergmann kaupmaður, Sigurgeir Gíslason verkstjóri, Þórður Edílonsson hjeráðslæknir og Ögmundur Ólafsson trjesmiður, allir til heimilis í Hafnarfirði, að þeir í fjelagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, reki trjesmiðaverksmiðju og timburverslun í Hafnarfirði m. m., undir firmanafninu

### D v e r g u r

trjesmiðaverksmiðja og timburverslun Hafnarfjarðar Flygenring & Co. —

Við hlið framkvæmdarstjóra, sem er kosinn af fjelagsmönnum, standa þessir 3 af fjelagsmönnum sem stjórnarnefnd: August Flygenring, Guðmundur Einarsson og Þórður Edílonsson. Varastjórnarnefndarmaður er Ingibergur Þorkelsson. Stjórnin ritar firmað.

Án samþykkis fjelagsfundar getur stjórnin þó ekki tekið stór lán, keypt eða selt fasteignir, eða veðsett eignir fjelagsins.

Prókúruhafi og framkvæmdarstjóri er Sigfús Bergmann kaupmaður í Hafnarfirði.

## III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Loftur Loftsson á Aðalbóli, Þórður Ásmundsson á Háteig og Bjarni Ólafsson á Litlateig á Akranesi reka þar í fjelagi, og með ótakmarkaðri ábyrgð, verslun undir firmanafninu »Loftur Loftsson & Co.« Loftur Loftsson ritar einn firmað.

## IV. Isafjarðarsýsla.

15. júní tilkynnist: Jónas Jónasson & Co., verslun í Bolungarvík, er hætt.

V. *Skagafjarðarsýsla.*

1. Stjórn hlutafjeldagsins »Garðyrkjufjelag Seiluhrepps« tilkynnir, að þeir Chr. Popp, Tobías Magnússon og Jóhann Sigurðsson, sjeu gengnir úr stjórninni, en í stað þeirra kosnir í stjórn fjeldagsins Brynleifur Tobiasson, Geldingaholti, Björn L. Jónsson, Stóruseilu og Sigurður Jónsson, Brautarholti.
2. Firmað hlutafjeldagið »Íshúsfjeldagið á Sauðárkrók« er hætt atvinnurekstri og aflýsist.
3. Kaupfjeldag Fljótamanna rekur almenna verslun í Haganesvík. Í stjórn fjeldagsins eru síra Jónmundur J. Halldórsson á Barði, Ólafur Jónsson óðalsbóndi í Haganesi og Þorlákur Þorláksson bóndi í Mósgerði.  
Heimild til að rita firmað hefir síra Jónmundur J. Halldórsson.  
Abyrgð fjeldagsins er ótakmörkuð.

VI. *Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.*

Til firmnaskrárinnar fyrir Akureyri og Eyjafjarðarsýslu hafa verið sendar þessar tilkynningar:

- A. Um nýtt firma á Siglufirði: »Siglufjords Olie- og Guano-fabrik«.
  1. Vedtægternes dato er 20de Mai 1911.
  2. Forretningens Art er Tilvirkning og Salg af Olie- og Fiskemel.
  3. Forretningens Kontor er i Siglufjord.
  4. Aktiekapitalen udgjör Kr. 100,000,00, fordelt paa 100 Aktier á 1000 kr.
  5. Aktierne lyder paa Navn.
  6. Aktierne er fuldt indbetalte.
  7. Bekjendtgjorelse til Aktionærerne sker ikke i offentlige Tidender.
  8. Selskabets Direction: Thomas Hinrichsen Morgan Damhof Hamburg og Gustav Evanger Siglufjord.
  9. Selskabet forpligtes af Directionens Medlemmer i Fællesskab.
  10. Selskabets Prokura indehaves af Gustav Evanger.
- B. Um breyting á firmanu Carl Höepfner Akureyri:
 

»Aage Höepfner Berlème Nix er indtraadt i Firmaet«.